



9. desember 2020

Lífeyrissparnaður nam nærri 5.730 milljörðum króna 30. september 2020

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur birt upplýsingar um heildareignir samtryggingar- og séreignarsparnaðar og sundurliðun þeirra miðað við lok þriðja ársfjórðungs 2020 ásamt sambærilegum gögnum er ná aftur til þriðja ársfjórðungs 2017. Upplýsingarnar eru byggðar á tegundaflokkun 2. mgr. 36. gr. a. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og má nálgast þær á vef Seðlabankans.

Hér að neðan er að finna stutta samantekt á helstu breytingum í fjárfestingum lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila séreignarsparnaðar á þriðja ársfjórðungi 2020. Fjárhæðir byggja á innsendum skýrslum þeirra áður en endurskoðun hefur farið fram. Lífeyrissparnaður samtryggingar og séreignar jókst um nærri 213 ma.kr. frá öðrum til þriðja ársfjórðungs og nam þá samtals 5.730 ma.kr. Aukningin er umtalsvert minni en milli fyrsta og annars ársfjórðungs sem var 343 ma.kr. Áhrif COVID-19 faraldursins hafði verulega neikvæð áhrif á sparnaðinn við lok fyrsta ársfjórðungs. Helstu breytingar í eignaflokkum á milli fjórðunga eru þær að erlendar eignir jukust um 192 ma.kr. eða um 10% sem samsvarar nánast allri aukningu lífeyrissparnaðarins á öðrum ársfjórðungi. Hlutdeild erlendra eigna samtryggingar og séreignar heldur áfram að aukast og nam nærri 36% eða um 2.056 ma.kr. við lok þriðja ársfjórðungs.

Sundurliðun fjárfestinga samtryggingardeilda lífeyrissjóða

Heildareignir samtryggingardeilda lífeyrissjóða námu við lok annars ársfjórðungs um 4.910 ma.kr. og hækkuðu um 187 ma.kr. frá öðrum til þriðja ársfjórðungs. Helstu breytingar á eignaflokkum eru þær að eignir í hlutdeildarskírteinum UCITS-sjóða¹ hækkuðu um 111 ma.kr. eða um nærri 10%. Eignir í skuldabréfum sveitarfélaga jukust einnig umtalsvert á tímabilinu eða sem nemur nærri 6%. Eignaflokkarnir hlutabréf og hlutdeildarskírteini annarra sjóða hækkuðu annarsvegar um nærri

¹ Hlutir eða hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða samkvæmt lögum um verðbréfasjóði eða tilskipun 2009/ 65/EB um samræmingu á lögum og stjórnáslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS)

27 ma.kr. og hinsvegar um 16 ma.kr. Vegna aukinna uppgreiðslna á sjóðfélaga-lánnum lækkaði eignaflokkurinn fasteignaveðtryggð skuldabréf um nærri 13 ma.kr. milli ársfjórðunga.

Erlendar eignir samtryggingardeilda sjóðanna við lok annars ársfjórðungs voru um 1.852 ma.kr. og nam aukningin nærri 172 ma.kr. á þriðja ársfjórðungi. Hlutdeild erlendra eigna nam 38% af heildareignum samtryggingardeilda og hefur hlutfallið ekki verið hærra.

Í töflu 1 koma fram helstu breytingar eignaflokka samtryggingardeilda á þriðja ársfjórðungi.

Tafla 1. Sundurliðun fjárfestinga samtryggingardeilda lífeyrissjóðanna

Samtrygging	Fjárhæðir í þúsundum króna	30.6.2020	30.9.2020	Breyting (kr.)	Breyting %
Ríkisvixlar og skuldabréf (A.a.)		993.585.738	1.010.004.192	16.418.455	1,7%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b.)		574.907.708	562.068.295	- 12.839.413	-2,2%
Skuldabréf sveitarfélaga (B.a.)		177.508.871	187.433.836	9.924.964	5,6%
Innlán (B.b.)		158.142.020	158.566.936	424.916	0,3%
Sértryggð skuldabréf (B.c.)		215.321.045	222.915.405	7.594.360	3,5%
Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga (C.a.)		11.383.630	12.597.716	1.214.085	10,7%
Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b.)		1.161.018.288	1.272.443.483	111.425.195	9,6%
Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga (D.a.)		275.723.521	288.054.085	12.330.564	4,5%
Skuldabréf og peningam. skjöl annarra sjóða um sameiginl. fjárf. (D.b.)		78.414.368	76.085.172	- 2.329.196	-3,0%
Hlutabréf félaga (E.a.)		729.283.199	755.885.170	26.601.971	3,6%
Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginl. fjárf. (E.b.)		344.179.374	360.670.378	16.491.004	4,8%
Fasteignir (E.c.)		-	-	-	0,0%
Afleiður (F.a.)		0	18.283	18.283	0,0%
Aðrir fjármálagerningar (F.b.)		2.782.965	2.783.551	586	0,0%
Samtals:		4.722.250.727	4.909.526.502	187.275.774	4,0%

Sundurliðun fjárfestinga vörsluaðila séreignarsparnaðar

Heildareignir séreignarsparnaðar í vörslu lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila² námu nærri 820 ma.kr. við lok þriðja ársfjórðungs og jukust um 26 ma.kr. frá öðrum ársfjórðungi. Vegna aukinna heimilda til úttekta séreignarsparnaðar hefur heldur dregið úr aukningu eigna milli ársfjórðunga. Með sama hætti og hjá samtryggingardeildum lífeyrissjóðanna var mest aukning eigna í hlutdeildarskírteinum UCITS-sjóða og var sú hækkun nærri 8% eða um 13 ma.kr. Eignir í skuldabréfum og peningamarkaðsskjölum félaga hækkuðu um rúmlega 9% eða um nærri 4 ma.kr. Innlán stóðu nánast í stað milli ársfjórðunga.

Erlendar eignir séreignarsparnaðar námu nærri 204 ma.kr. við árslok eða 25% af eignum þeirra. Aukning erlendra eigna nam tæplega 15 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi.

² Fjárhæðir frá erlendum vörsluaðilum eru ekki taldar með. Við árslok 2019 námu þær um 84 ma.kr.

Í töflunni hér að neðan koma fram helstu breytingar eignaflokka séreignarsparnaðar á þriðja ársfjórðungi.

Tafla 2. Sundurliðun fjárfestinga vörsluaðila séreignarsparnaðar

Séreign	Fjárhæðir í þúsundum króna	30.6.2020	30.9.2020	Breyting (kr.)	Breyting %
Ríkisvixlar og skuldabréf (A.a.)		139.177.668	141.713.397	2.535.728	1,8%
Fasteignaveðtrygð skuldabréf (A.b.)		33.232.405	33.498.677	266.272	0,8%
Skuldabréf sveitarfélaga (B.a.)		19.508.702	21.150.780	1.642.078	8,4%
Innlán (B.b.)		213.744.867	213.517.804	- 227.063	-0,1%
Sértrygð skuldabréf (B.c.)		72.134.308	73.324.089	1.189.781	1,6%
Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga (C.a.)		5.084.138	4.937.590	- 146.548	-2,9%
Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b.)		172.876.541	186.258.056	13.381.515	7,7%
Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga (D.a.)		41.068.062	44.934.385	3.866.323	9,4%
Skuldabréf og peningam. skjöl annarra sjóða um sameiginl. fjárf. (D.b.)		8.351.178	9.606.257	1.255.079	15,0%
Hlutabréf félaga (E.a.)		46.890.641	46.858.160	- 32.481	-0,1%
Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginl. fjárf. (E.b.)		41.847.768	43.900.455	2.052.687	4,9%
Fasteignir (E.c.)		14.864	25.679	10.815	72,8%
Afleiður (F.a.)		0	871	871	0,0%
Aðrir fjármálagerningar (F.b.)		32.947	33.933	985	3,0%
Samtals:		793.964.090	819.760.131	25.796.042	3,2%